

Vegagerðin
Svanur G. Bjarnason
Breiðumýri 2
800 SELFOSS

2008120034
8716; 8717; 8722;
8200; 9310

Reykjavík, 18. mars 2009

**Efni: Suðurlandsvegur frá Hveragerði austur fyrir Selfoss. Ákvörðun
Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun.**

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Vegagerðarinnar að matsáætlun um Suðurlandsveg frá Hveragerði austur fyrir Selfoss, Flóahreppi, Hveragerði, Sveitarfélaginu Árborg og Sveitarfélaginu Ölfusi.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Eflu verkfræðistofu dags. 17. febrúar 2009 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Vegagerðin. Suðurlandsvegur, frá Hveragerði og austur fyrir Selfoss. Efla verkfræðistofa. Febrúar 2009.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Flóahreppi, Hveragerðisbæ, Sveitarfélaginu Árborg, Sveitarfélaginu Ölfusi, lax- og silungsveiðisviði Fiskistofu, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Umhverfisstofnun. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bærust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Flóahreppi með bréfi dags. 9. mars 2009, Hveragerðisbæ með bréfi dags. 3. mars 2009, Sveitarfélaginu Árborg með tölvupósti dags. 5. mars 2009, Sveitarfélaginu Ölfusi með bréfi dags. 12. mars 2009, Fiskistofu með bréfi dags. 26. febrúar 2009, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 26. febrúar 2009, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 23. febrúar 2009 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 3. mars 2009. Ein athugasemd barst með tölvupuósti dags. 3. mars 2009 frá Jakobi Jakobssyni og Guðmundi Guðjónssyni. Skipulagsstofnun bærust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með tölvupóstum dags. 11. og 13. mars 2009.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Vegagerðarinnar að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í bréfi Eflu dags. 11. mars 2009 og með eftirfarandi athugasemdum.

Þá bendir Skipulagsstofnun Vegagerðinni og sveitarfélögunum á að hlutar framkvæmdarinnar kunna einnig að vera deiliskipulagsskyldir, t.d. vegir og gatnamót í og við þéttbýli og hugsanleg landmótun umhverfis. Því þarf að koma fram í frummatsskýrslu hvort og þá hvaða hlutar framkvæmdarinnar viðkomandi sveitarfélag telur að kalli á gerð deiliskipulags og hver staða þess er þegar frummatsskýrsla verður kynnt.

Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum

Fornleifar. Í kafla 4.2.8 í tillögu að matsáætlun er fjallað um fornleifar. Skipulagsstofnun tekur undir með Fornleifavernd ríkisins og bendir á nauðsyn þess að í frummatsskýrslu verði nákvæm staðsetning fornleifa sýnd á korti eða loftmynd ásamt fyrirhuguðu áhrifasvæði framkvæmdarinnar svo að auðvelt sé að gera sér grein fyrir áhrifum framkvæmdar á einstaka fornleifar.

Umferðaröryggi. Í kafla 4.2.12 í tillögu að matsáætlun er fjallað um umferðaröryggi. Skipulagsstofnun telur brýnt að við samanburð kosta skuli gera grein fyrir því hverju munar á áhrifum þeirra á umferðaröryggi, hvort sem kostirnir lúti að staðsetningu vegar, akreinafjölda (2+1, 2+2 eða 2+2 í þröngu sniði) og útfærslu gatnamóta.

Náttúruvá. Í kafla 4.2.13 í tillögu að matsáætlun er fjallað um jarðskjálftavirkni og flóðahættu. Skipulagsstofnun tekur undir með Sveitarfélaginu Árborg og telur brýnt að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir flóðahættum einkum með hliðsjón af klakastíflum sem geta myndast fyrir ofan brú og metið verði hvaða áhrif slíkar hamfarir geta haft á nýja brú yfir Ölfusá. Einnig verði metið hvaða áhrif hugsanlegar aðgerðir til að varna flóðum við fyrirhugað nýtt brúarstæði geti haft ofan og neðan nýrrar brúar yfir Ölfusá, einkum áhrif á umfang og útbreiðslu flóða vegna nýrra vega að ánni. Jafnframt telur Skipulagsstofnun brýnt að sýnd verði á loftmynd eða korti afstaða nýrrar brúar til nálægustu þekktra jarðskjálftasprungna á svæðinu.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson

Afrit: Flóahreppur, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Ölfus, lax- og silungsveiðisvið Fiskistofu, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Umhverfisstofnun, Efla verkfræðistofa og Jakob Jakobsson og Guðmundur Guðjónsson.

